

ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR UM MYNDLIST

Þrjár sýningar

Nú hefur lifnað yfir sýningahaldi i bænum eftir hina árvissu lægð um jól og áramót. Undanfarið hafa sýningar jafnvel verið það margar að ýmsum kann að hafa reynst erfitt að sjá allt sem þeir vildu. Einn aðalsýningasalur bæjarins hefur þó verið lokaður allan þennan tíma. i Galleri

Langt er síðan Eyborg Guðmundsdóttir hélt einkasýningu síðast, en hún hefur tekið þátt i allmörgum samsýningum undanfarin ár, og hafa sumar myndirnar i Norræna húsinu verið sýndar áður. Nú gefst aftur á móti gott færi á að fá heildarmynd af vinnubrögðum hennar. Eyborg hefur nokkra sérstöðu meðal íslenskra málara, hún er harðlínumaður i geometríunni, en fáir hafa gengið þeirri stefnu á hönd hér, þótt nefna megi Hörð



Guðmundur frá Miðdal: Dyrfjöll


allt fjaðurmagn optisku myndanna og má þar liklega um kenna óheppilegri efnismeðferð. Segja má að sterkasta hlið Eyborgar sé einfaldleikinn og nýtur hann sín i myndum eins og Triptique (no. 24).

Eins og áður segir hafa hvorki optik né geómetría verið mikið stundaðar hér á landi. Aftur á móti hafa þessar tvær liststefnur haft sterk áhrif á allt umhverfi okkar. Þau má sjá allt i kringum okkur, bæði i húsagerð, húsgögnum og annarri híbýlaprýði, einnig i fatatísku og auglýsingagerð. Hér er einmitt gott dæmi um hvernig skyldar listgreinar eins og húsagerðarlist og svo handverksmenn tileinka sér og nota það sem myndlistin hefur fram að færa.

Að Kjarvalsstöðum er sýning á verkum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal. Þar eru bæði olíu- og vatnslitamyndir, eirstungur, teikningar og höggmyndir, eða um 130 verk alls. Guðmundur lést '63, tæpl. sjötugur að aldri. Hann stundaði myndlistarnám i Reykjavik, Kaupmannahöfn og Munchen og var mjög afkastamikill maður á mörgum sviðum. Hin margvislegu áhugamál hafa að likindum komið i veg fyrir að Guðmundur sökkti sér verulega um hans. Einnig skrifaði hann bækur — t.d. Fjallamenn — um öræfaferðir sínar og fleira. Náttúruathuganir hans komu að góðum notum þegar hann setti á fót fyrstu leirmunagerð á Islandi. Hann stofnaði Listvinahúsið og notaði þar við vinnsluna leir austan úr Holtum. Einnig gerði hann margar tilraunir með steypu á höggmyndum, og aðferðir til að gera islenskar steintegundir nógu harðar til þess að þær væru hentugar i því skyni. Þannig held ég t.d. að mynd hans af Sigurði málara sé úr islenskum jaspis. Margt fleira mætti nefna af viðfangsefnum Guðmundar. T.d. gerði hann teikningar að ýmsum gripum svo sem silfursmíði o.fl. Hann hafði lifandi áhuga á kvikmyndagerð og ljósmyndun. Nokkur verka hans eru á almannafæri hér i bænum og i nágrenninu, t.d. stytta við sumarbústað hans skammt frá Miðdal i Mosfellssveit, rismyndin á bust Landspítalans og önnur á húsinu á horni Pósthús- og Austurstrætis, vindhaninn á Melaskólanum og loftið i Þjóðleikhúsinu. Fleiri mætti eflaust nefna, því efþelja á upp áhugasvið Guðmundar er erfiðast að ákveða hvar upptalningunni skuli ljúka. Sýningunni lýkur aftur á móti þann 24. Þar kannast vafalaust við ýmislegt úr Listvinahúsinu frá tíð Guðmundar, þótt menn geri sér e.t.v. ekki grein fyrir hvaðan þessir gamalkunnu gripir eru komnir.

Bandarisku og frönsku grafiksýningunum fer nú senn að ljúka, og auk þess hefur enn eitt stórveldið bæst i hópinn. I listasafni A.S.I. er þessa dagana grafikmyndasýning frá Sovétríkjunum, og verður hún aðeins opin til 23. mars. Þetta eru verk tæplega 40 myndlistarmanna, sem flestallir eru enn starfandi. Þeir beita fjölbreyttri tækni, en það er nokkur galli að i sýningarskrá er ekki getið hvaða aðferðir eru notaðar við gerð myndanna.

Þeir sem búast við hreinum sósialrealisma i hverri mynd verða fyrir vonbrigðum, en aftur á móti tók ég eftir atriði, sem mér finnst orðið næsta sjaldgæft i myndlist hér og i nágrannalöndunum. Þetta voru myndir af iðnaðarhverfum og verksmiðjum, þar sem höfundurinn tók ekki mið af mengun eða náttúruvernd. Nú eru þetta mál sem sovétmenn eins og aðrar iðnaðarþjóðir eiga i miklu striði við, en þeir sem þarna hafa rjúkandi strompa iðjuveranna að fyrirmynd, nota hana til að sýna afl, athafnasemi og hreyfingu. Ekki eru þó allar




Ein optísku myndanna á sýningu Eyborgar

Súm hefur ekki verið sýning frá því löngu fyrir jól, en i næsta mánuði verður þar samsýning súmara og verður það i fyrsta skipti i þrjú ár sem þeir halda slíka samsýningu hér á landi.

Af sýningum þeim sem nú eru opnar er helst að nefna sýningu Eyborgar Guðmundsdóttur i Norræna húsinu og sýningu á verkum Guðmundar frá Miðdal að Kjarvalsstöðum. Svo er komin enn ein grafiksýning, að þessu sinni sovésk og er hún i Listasafni A.S.I.

Ágústsson og Þorvald Skúlason. Myndir Eyborgar eru mjög einfaldar að formi og sparlega farið með liti. Á sýningunni eru líka nokkrar optiskar myndir, þar sem samspil lita og forma villa auganu sýn og kyrrstæð myndin virðist öll vera á hreyfingu. Slik myndgerð hefur heldur ekki verið mikið stunduð af islenskum listamönnum, en Eyborg lærði i Frakklandi á sinum tima hjá Vasarely sem verið hefur i fararbroddi á þessu sviði myndlistar. Auk þessara tveggja myndgerða sýnir Eyborg nokkrar hreyfimyndir, þar sem áhorfandinn eða vindstroka getur komið myndinni af stað. Þessar myndir skortir þó



„Sigur byltingarinnar" á sovésku grafíksýningunni

niður i einhverja ákveðna listgrein, en samt hafði hann ómælanleg áhrif á islenska myndlist, listiðnað og reyndar á fleiri sviðum.

Guðmundur var mikill náttúruunnandi og sést það vel á mynderu eins og áður sagði mörg verk, og er henni snoturlega fyrir komið, þótt verulega á skorti að hún sýni fjölbreytnina i lífsstarfi Guðmundar. Keramikmunir eru þar t.d. sárafáir, sem þó hefði verið gaman að sjá, því margir myndirnar i þessum dúr, því viðfangsefnin eru ekki síður margbreytileg en prentaðferðir þær sem notaðar eru. Eins og áður segir stendur þessi sýning mjög stutt yfir og lýkur nú um helgina.

Elisabet Gunnarsdóttir.



Innlegg í umræðuna

Valgerður Bergsdóttir, sem teiknaði forsíðumynd blaðsins i dag, „Húsdýrið", er ungur myndlistarmaður, sem stundaði nám i Myndlista- og handíðaskóla Islands og síðan i Oslo. Hún er nú starfandi kennari við Myndlistarskólann og er myndin innlegg hennar i deilurnar um sjálfsforræði kvenna varðandi barneignir.